

Nr. 13/1905:

Hið opinbera
 gegn
 James Westerby.

D ó m u r:

Mál þetta hefir verið höfðað gegn kærða skipstjóra James Westerby fyrir ólöglegar botnvörpuveiðar, og var hann með lögregluréttardómi Reykjavíkur 30. júlí f. á. dæmdur samkvæmt 2. gr. í lögum 6. apríl 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum, í 1500 kr. sekt til landssjóðs og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefir eftir ósk kærða verið áfryjað til landsyfirdómsins.

Formaður á fiskibátnum »Sæbjörn«, nr. 150, frá Króki í Garði, Sigurður Magnússon, sem sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu hafði falið að athuga fiskiveiðar botnvörpuskipa í landhelgi þar um slóðir, hefir ásamt 2 hásetum sínum borið það fyrir lögreglurétti nefndrar sýslu og unnið eið að því, að botnvörpuskipið nr. 234, Aberdeenshire frá Aberdeen, sem kærði var þá skipstjóri á, hafi hinn 26. októberm. 1903 verið að botnvörpuveiðum í Garðsjó nær laudi en svo kallað Kirkjumið, en mið þetta og stöðvar þær, er skipið dró vörpuna kringum, hefir eftir tilvisun vitnanna verið mælt af varðskipinu »Hekla« og reynst vera 1,7 og 2 mílufjórðungar innan landhelgi. Svo hefir og formaður á fiskibátnum »Dúfan«, Árni Árnason í Gerðum, borið, að hann hinn sama dag (26. okt. 1903) hafi séð hið sama skip vera að botnvörpuveiðum nær landi en greint Kirkjumið, og var hann einnig við, er varð-

skipið mældi afstöðu miðs þessa við landhelgina, og staðfesti, eins og hin fyrnefndu vitni, framburð sinn og tilvísun um miðið með eidi fyrir lögreglurétti Kjósar- og Gullbringusýslu.

Hinn kærði hefir neitað því, að hann hafi fiskað í landhelgi í Garðsjó eða annarstaðar greindan dag (26. okt. 1903) eða yfir höfuð í þeirri fiskiferð að landinu. Þegar hann kom fyrir rétt í júlí f. á. hélt hann því fram, að hann hefði komið til Reykjavíkur 26. eða 27. okt. 1903 beint frá Akranesi, og eftir bókum bæjarfógetans var skipið talið hafa komið til Reykjavíkur 27. okt. 1903 frá Akranesi, enda tók kærði kol í Reykjavík í skip sitt hinn 27. okt. Nú eftir að dóminum, sem ekki varð fullnægt sakir þess að kærði fór áður af landi burt, er áfryjað, hefir kærði látið leiða 2 vitni, stýrimann og »annan fiskimann«, er báðir voru á Aberdeenshire 26. okt. 1903, en sem nú eru skipstjóri og undirstýrimaður á öðru skipi tilheyrandi öðru félagi en Aberdeenshire, og hafa þeir borið það og unnið eið að því, að Aberdeenshire nefndan dag (26. okt. 1903) hafi farið frá Akranesi kl. 4—5 síðdegis og verið að veiðum hér um bil 6 mílur (enskar) út af Seltjarnarnesi og ekki annarstaðar eða nær landi, þangað til það um morguninn hinn 27. okt. hafi farið inn til Reykjavíkur til að taka þar kol. Annað vitnið gat þess þó, að það væri að eins ágizkun þess, að skipið hefði verið í nefndri fjarlægð frá Seltjarnarnesi, en það kvaðst vita það víst, að skipið hefði eigi verið í Garðsjó.

Þrátt fyrir vitnisburði þessara 2 fyrverandi skipsfélaga hins kærða, sem þar að auki koma í bága við framburð kærða sjálfs að því leyti sem Aberdeenshire

samkvæmt þeim hefir verið að botnvörpuveiðum milli þess er það fór frá Akranesi og þess að það kom til Reykjavíkur, en ekki farið beint frá Akranesi til Reykjavíkur, eins og kærði bar fram fyrir réttinum — þá verður að álíta eiðfestan vitnisburð áðurgreindra manna, sem sumum var falið af hlutaðeigandi yfirvaldi að líta eftir brotum gegn hér að lútandi lagafyrirmælum, eftir atvikum nægilega sönnun fyrir því, að skipið Aberdeenshire, sem kærði var þá skipstjóri á, hafi hinn 26. okt. 1903 verið að botnvörpuveiðum í Garðsjó á fyrnefndum stöðvum innan landhelgi, og að kærði hafi þannig gjörst brotlegur gegn fyrnefndum lögum 6. apríl 1898, 2. gr. Þykir sekt sú, er hann hefir til unnið með þessu broti sínu, hæfilega ákveðin 1200 kr., er renni í landssjóð, og með því að eigi er, eins og á stendur, um upptöku veiðarfæra og afla að ræða, og yfirdómurinn felst á ákvæði lögregluréttardómsins um málskostnaðinn, ber að staðfesta hinn áfryjaða dóm með greindri lækun á sektarupphæðinni.

Hinum kærða ber og að greiða allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdómiun, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sekt kærða sé 1200 kr. Kærði greiði og

allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Páls Víðalín Bjarnasonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 6/1905:

Lárus H. Bjarnason
 gegn
 Birni Jónssyni.

D ó m u r:

Í 55. tölubl. af XXXI. árg. blaðsins Ísafoldar, sem stefndi er útgefandi og ábyrgðarmaður að, er ritstjórnargrein með fyrirsögninni: »Lárus skiftir búí«. Grein þessi skýrir frá nýuppkveðnum landsyfírréttardómi í meiðyrðamáli milli áfrýjanda Lárusar H. Bjarnason sýslumanns og Einars ritstjóra Hjörleifssonar og segir meðal annars í því efni: »Lárus dæmdur sannur að sök um fjárdráttartilraun«, en það er upphaf eða yfirskrift greinarinnar, og síðar í greininni segir: »Hann leit í þess stað á sína hagsmuni og reyndi til að hafa af búinu sér í hag 1000 kr.« og er hér með orðinu »hann« átt við áfrýjanda. Sýslumaður Lárus H. Bjarnason áleit þessar tilfærðu málsgreinir meiðandi fyrir sig og höfðaði mál til ómerkingar meiðyrðanna og refsingar